

Ed.

147. Nefndarálit

[17. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1944, um breyt. á og viðauka við l. nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Þetta stjórnarfrv. er þess efnis, að í laga- og hagfræðideild háskólans skuli vera 4 prófessorar í lögfræði í stað 3, eins og verið hefur frá stofnun háskólans 1911. Alexander Jóhannesson háskólarektor hefur komið á fund n. og skýrt málið. Nefndin fellst á rök þau, sem flutt eru fyrir máli þessu, og mælir með samþykkt frumvarpsins.

HG gerði svofelldan fyrirvara: HG tekur fram, að hann telji nauðsynlegt að athuga jafnframt fjölgun kennara við læknadeild, og hefur óbundnar hendur um frv., meðan sú athugun hefur eigi farið fram.

Alþingi, 5. nóv. 1953.

Ingólfur Flygenring,
form., frsm.

Andrés Eyjólfsson,
fundaskr.

H. Guðmundsson,
með fyrirvara.

Sigurður Ó. Ólafsson.

Bernh. Stefánsson.